

Nd.

568. Frumvarp til laga

[48. mál]

um eftirlit með skipum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 559 (sbr. 50) með þessari breytingu:

41. gr. hljóðar svo:

Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, skal hann jafnan leita umsagnar skipaskoðunarstjóra. Ber skipaskoðunarstjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Dómstólar skulu láta Skipaskoðun ríkisins í té eftirrit dóma, dómsgerða og annarra gagna í málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.